

Tillaga að

STARFSLEYFI

UST202303-307

Landeldi á laxfiskum

N-Lax ehf.

Starfsstöð: Auðbrekku, 640 Húsavík

Kt: 551009-1220

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir félagið N-Lax ehf., kt. 551009-1220, fyrir eldi í eldisstöð félagsins að Auðbrekku, Húsavík í sveitarfélaginu Norðurþingi. N-Lax ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði breytingar á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Auðbrekku 9, Húsavík. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 20 tonn.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Áætlun skal vera til staðar verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal m.a. gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, geymum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlanir um frágang ef hann telur þörf á. Í áætlunum skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal brunavörnum viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, sbr. einnig 14. og 15. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:

- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu.
- Niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, benda til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp.
- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.

- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Við endurskoðun starfsleyfis skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar getur útgefandi krafist endurskoðunar starfsleyfisins.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við reglugerð nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður og önnur viðeigandi gögn samkvæmt gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingarstefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar.

Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðila skal sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar, öryggis eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun og ber rekstraraðila að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðeigandi Heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum

aflleiðingum fyrir umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.5 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambætta mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskopdrætt í Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegur tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt gr. 1.6.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisvatnsins. Sjá gr. 3.1.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefni af lífmassaaukingu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda í eins meters fjarlægð frá útrás settjarna sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

- Hámarks breyting af völdum frárennslis: 2°C
- Súrefnismettun, lágmark: 70%
 - Má ekki fara undir 6 mg O₂/l
- Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- Ammóníak NH₃: minna en 0.025 mg/l
- Súrefnisnotkun BOD₅: hæst 4 mg O₂ /l (eða hæst COD: 20 mg/l)
- Olú og fitubrák má ekki sjást

- Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Settjörn skal hreinsuð bendi mælingar til að efnainnihald frárennslis sé yfir mörkum í starfsleyfi eða að kröfu eftirlitsaðila.

Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennsli. Viðunandi rennsli einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megí uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslið sé viðunandi og gert kröfu um úrbætur. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á sex mánaða fresti. Teikningar og gögn um fráveitu skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila sé kallað eftir þeim.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslið áður en það er losað í viðtakann. Umhverfisstofnun getur farið fram á breytingar á fyrirkomulagi hreinsunar bendi mælingar til að losun sé yfir mörkum sem sett eru í starfsleyfi.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrás í viðtaka getur Umhverfisstofnun veitt rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur,
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu. Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.

Við útrásir þar sem eldisvatn í fráveitu er veitt í viðtaka má ekki vera:

- Set eða útfellingar,
- þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir),
- olía eða froða,
- sorp eða aðrir aðskotahlutir,
- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.6 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

3.7 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar í fráveitu sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. gr. 1.6, ef hætta er á að vistfræðilegt og eðlisefnafræðilegt ástand vatnshlotsins Skjálfanda nr. 102-1366-C fari hrakandi og reka má til losunar vegna rekstrarins, sbr. reglugerð nr. 535/2011, um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.9 Dauðfiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Endurnýta skal dauðfisk eins og kostur er. Skriflegur samningur skal liggja fyrir við þann aðila sem tekur við dauðum fiski til meðhöndlunar og skal sá aðili hafa til þess öll tilskilin leyfi. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Áætluninni skal vera skilað fyrst til eftirlitsaðila ekki síðar en eftir gildistöku starfsleyfis, til samþykktar. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð. Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs.

Fastefni sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýta eins og kostur er. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli eldisstöðvarinnar og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Lífmassaukning, framleiðsla og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sóttahreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram, sbr. gr. 2.3.,
- magn næringarefni í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar), sbr. gr. 4.3,
- niðurstöður mælinga,
- tæmingu olúgildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði,
- myndir af útrás, sbr. gr. 3.5,
- lyfjagjöf.

4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður því er veitt til sjávar. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

4.3 Sýnataka úr frárennsli og ferskvatnsvatnshloti vegna losunar

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) a.m.k. einu sinni á ári en fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.5.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni annars við hámarksfóðrun (hámarksvöxt). Fjöldi mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.5. Fylgjast skal árlega með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis, út frá mældum gildum og útreikningum frá fóðurnotkun. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.4. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennsli við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun.

Í ferskvatnsvatnshlotinu skal starfsleyfishafi vakta líffræðilega gæðabætti svo hægt verði skera úr um álag og ástandsmeta vatnshlotið. Nánari lýsingu á mælingum og tíðni má finna í vöktunaráætlun en mælingar skulu hefjast á nýju almanaksári eftir útgáfu leyfis eða þegar starsemi hefst. Komi í ljós að vatnshlotið uppfylli ekki umhverfismarkmið um a.m.k. gott vistfræðilegt og gott efnafræðilegt ástand skal starfsleyfishafi fara í aðgerðir til að draga úr álagi.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili er heimilt að vísa til ársyfirlits, sbr. gr. 4.4 ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Öll vöktun á að vera tilgreind í vöktunaráætlun sbr. gr. 5.1.

4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.7.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal hafa vöktunaráætlun þar sem tiltekin er vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir breytingum á Síða 8 af 10

vöktunaráætlun. Vöktunaráætlunin tilgreinir alla þá vöktun sem rekstraraðili á að framkvæma og er nákvæmari en lýsing í starfsleyfi.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársyfirlits, sbr. gr. 4.4 ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir tengdum vöktunarmælingum og öðrum mælingum sem Umhverfisstofnun leitar eftir skv. starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin fellur undir lið 2 í viðauka II laga nr. 7/1998 og lið 2 í viðauka IX reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi og gildir til xx.xx.xxxx.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík,
Umhverfisstofnun

VIÐAUKI

Um ákvörðun losunarmarka:

- i. Umhverfisstofnun hefur í gr. 3.4 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (7,0 kg/tonn) og köfnunarefni (60 kg/tonn) á lífmassaukningu. Samkvæmt ákvæðum gr. 7.2 í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
 - ii. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í gr. 3.5 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.
- Mælingar á lífrænu efni í gr. 4.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk.